

Alþingi  
Erindi nr. P 139/1971  
komudagur 6.4.2011

Nefndasvið skrifstofu Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um farþegagjald og gistináttagjald, (heildarlög). Frumvarpið er lagt fyrir alþingi á 139. Lögjafarþingi 2010-2011, þskj. 459-359. mál

Ferðamálaráð fagnar því að hugað sé að myndarlegri uppbyggingu á ferðamannastöðum með stofnun Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða. Ráðið leggur hins vegar ríka áherslu á mikilvægi þess að eins mikil sátt ríki um gjalddöku þá sem fyrirhuguð er í tengslum við uppbygginguna og mögulegt er og að framkvæmdin verði einföld og réttlát. Því vill ferðamálaráð koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum.

1. Í frumvarpi til laga um farþegagjald ferðamálaráð telur afar mikilvægt að allir fjármunir sem innheimtir eru með farþega- og gistináttagjaldi renni alfarið í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða og sé úthlutað þaðan til verkefna.
2. Framkvæmd gjalddöku farþegagjalds sé einfölduð frá framlögðu frumvarpi. Þannig séu aðeins 2 flokkar þegar kemur að mati á lengd ferðar undir og yfir 1000 km.
3. Framkvæmd gjalddöku gistináttagjalds miði við allar tegundir gistingar allt frá tjaldstæðum til hótela og alla sem bjóða gistingu. Gjald sé jafnframt svo lágt að það hvetji ekki til undanskota.
4. Gistináttagjald verði aðeins ein tala á einingu þ.e. ekki verði lagt gjald á pr. mann í herbergi/tjaldi. Gjaldið verði þannig ekki lagt á börn sem gista í herbergi/tjaldi með foreldrum.
5. Ferðamálaráð telur óeðlilegt að gistináttagjald myndi stofn til virðisaukaskatts og telur að þar með sé ójafnvægi komið á innheimtu miðað við farþegagjald sem er undanþegið virðisaukaskatti.
6. Í nýrri þingsályktunartillögu um Ferðamálaáætlun er lögð áhersla á vörupróun utan háannatíma og því leggur Ferðamálaráð til að stutt verði við slíka þróun með því að innheimta farþega- og gistináttagjald aðeins yfir sumartímann.

Ferðamálaráð vill jafnframt leggja áherslu á mikilvægi þess að þegar kemur að viðurlögum vegna lagasetningar þá sé þess gætt að viðurlög nái einnig til þeirra sem stunda leyfislaust rekstur gististaða þannig að ekki sé hvatt til leyfislausra viðskipta með gjalddöku.

Samþykkt á fundi ferðamálaráðs 1.4.2011